

ÁFRÝJUNARNEFND SAMKEPPNISMÁLA

Úrskurður í máli nr. 10/2015

Landspítali-háskólasjúkrahús

gegn

Samkeppniseftirlitinu

I

Kröfur málsaðila

Hinn 13. ágúst 2014 ákvað Samkeppniseftirlitið að Landspítala-háskólasjúkrahúsi (hér eftir nefndur áfrýjandi) skyldi afhent til umsagnar tiltekið skjal sem fylgt hafði erindi Logalands ehf. til Samkeppniseftirlitsins 30. nóvember 2012, en með því setti félagið fram beiðni um rannsókn sem beinist að áfrýjanda og Ríkiskaupum. Var skjalið auðkennt sem fylgiskjal nr. 5. Hinn 23. september 2015 tók Samkeppniseftirlitið nýja ákvörðun um afhendingu skjalsins sem fól það í sér að tiltekin atriði skyldu afmáð úr því áður en það yrði afhent áfrýjanda. Þeirri ákvörðun vill hann ekki una og kærði hana til áfrýjunarnefndar samkeppnismála með bréfi 7. október 2015 sem barst nefndinni þann sama dag. Áfrýjandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og að Samkeppniseftirlitinu verði gert að afhenda honum umrætt fylgiskjal, aðallega án allra útstrikana, en til vara án þess að auðkenni þess starfsmanns áfrýjanda sem í hlut á sé afmáð úr skjalinu.

Samkeppniseftirlitið krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

II

Málsmeðferð hjá Samkeppniseftirlitinu

Þann 30. nóvember 2012 barst Samkeppniseftirlitinu erindi frá Logalandi ehf. þar sem kvartað var undan samkeppnishamlandi háttsemi áfrýjanda og Ríkiskaupa við innkaup á heilbrigðisvörum og þess óskað að málið yrði tekið til rannsóknar. Hluti erindisins laut að því að nafngreindir starfsmenn innkaupadeildar áfrýjanda hafi árið 2010 átt fund með fulltrúa

Þýska fyrirtækisins Paul Hartmann AG, sem er einn birgja Logalands ehf. Á þeim fundi hafi þessir starfsmenn áfrýjanda tjáð fulltrúa Hartmann að áfrýjandi væri í vandræðum með samskipti sín við Logaland ehf. Hefur Logaland ehf. byggt mál sitt á því að starfsmenn áfrýjanda hafi lagt að fulltrúa Hartmann að finna nýjan dreifingaraðila fyrir vörur sínar hér á landi í stað Logalands ehf. Að öðrum kosti væri hætta á að Hartmann myndi missa viðskipti við spítalann. Í tengslum við þetta kemur eftirfarandi fram í neðanmálsgrein á blaðsíðu 9 í bréfi Logalands ehf., sem er ritað af lögmanni fyrir hönd þess: „Rétt er að taka fram að því hefur verið mótmælt af hálfu Landspítalans að yfirlýsing fulltrúa Hartmann standist, sbr. fylgiskjal nr. 10. Hins vegar fylgir kæru þessari afrit tölvubréfs, sbr. fylgiskjal nr. 5, þar sem annar [birgir] umbjóðanda míns vísar til samtals við fulltrúa Landspítala sem setur svipaðar „viðvaranir“ fram við [birginn]. Styður það ásamt ýmsum öðrum atriðum þessarar kæru þá afstöðu umbjóðanda míns að reynt hafi verið með ólögætum hætti að bola honum úr viðskiptum við spítalann.“ Snýr ágreiningur í málinu að þessu tölvubréfi.

Áfrýjandi óskaði eftir aðgangi að skjalinu í mars 2013. Með bréfi 9. apríl 2013 mótmælti Logaland ehf. því að umbeðinn aðgangur yrði veittur. Áfrýjandi kom að athugasemdum sínum við þá afstöðu með bréfi 6. júní 2013. Hafði Samkeppniseftirlitið ekki leyst úr þessum ágreiningi þegar Logaland ehf. óskaði eftir því að draga skjalið til baka. Féllst áfrýjandi á það í tölvupósti 10. mars 2014 og að þar með yrði ekki litið til þess við úrlausn málsins. Í lok mars s.á. tilkynnti Logaland ehf. aftur á móti að fyrirtækið féllist ekki lengur á að leyst yrði úr málinu án tillits til skjalsins og að haldið væri við fyrri kröfu um trúnað.

Í framhaldi birti Samkeppniseftirlitið ákvörðun sína með bréfi 13. ágúst 2014, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að í skjalinu væri ekki að finna trúnaðarupplýsingar sem leynt skuli fara í skilningi stjórnarsýslulaga. Skyldi það því sent áfrýjanda til umsagnar eigi síðar en fimmtán dögum frá móttöku bréfsins.

Skjalið var ekki afhent áfrýjanda þar sem Logaland ehf. tilkynnti Samkeppniseftirlitinu með bréfi 22. ágúst 2014 að það væri að nýju dregið til baka. Var áfrýjanda tilkynnt um þetta með bréfi Samkeppniseftirlitsins 27. ágúst s.á. og jafnframt tekið fram að afhendingu skjalsins væri frestað þar til nánari sjónarmið Logalands ehf. lægju fyrir. Áfrýjandi mótmælti því að fyrirliggjandi ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um afhendingu skjalsins yrði tekin til endurskoðunar með bréfi 1. september 2014. Logaland ehf. kom frekari sjónarmiðum sínum á framfæri með bréfum til Samkeppniseftirlitsins 9. september og 7. nóvember 2014.

Samkeppniseftirlitið ákvað þann 23. september 2015 á grundvelli 25. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 að afturkalla fyrri ákvörðun um afhendingu umrædds skjals og taka nýja sem felur það í sér, svo sem fram er komið, að það skuli afhent áfrýjanda til umsagnar, en þó þannig að áður skuli afmáðar úr því upplýsingar sem það telur háðar trúnaði. Tekur ákvörðunin til þess

að afmáð skuli nafn þess birgis sem sendi Logalandi ehf. umrætt tölvubréf, en af því leiði að hið sama eigi við um nafn þess starfsmanns áfrýjanda sem á samkvæmt því að hafa átt það samtal við fulltrúa birgisins sem þar er vísað til. Hefur þessi ákvörðun verið kærð til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Að öðru leyti vísast um málavexti til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins og gagna málsins.

III

Málsmeðferð hjá áfrýjunarnefndinni

Greinargerð Samkeppniseftirlitsins sem svar við kæru áfrýjanda barst 15. október 2015. Athugasemdir áfrýjanda við greinargerðina bárust áfrýjunarnefndinni 21. október s.á. og svör Samkeppniseftirlitsins við þeim bárust nefndinni 30. október s.á.

Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist þar sem nefndin var ekki fullskipuð fyrr en 23. nóvember sl., en með bréfi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins þann dag var Þorgeir Ingi Njálsson dómstjóri skipaður í nefndina til að fjalla um fram komna kæru.

IV

Röksemdir málsaðila

1. Málsástæður og lagarök áfrýjanda

Áfrýjandi byggir á því að Samkeppniseftirlitið hafi ekki haft heimild til að afturkalla fyrri ákvörðun sína um afhendingu skjalsins.

Um heimild til afturköllunar fari samkvæmt 25. gr. stjórnarsýslulaga. Í hinni kærðu ákvörðun sé ekki rökstutt á hvorum tölulið greinarinnar afturköllunin sé byggð. Hvað fyrri töluliðinn varði sé ljóst að ákvörðun um afturköllun og hin nýja ákvörðun sé til tjóns fyrir áfrýjanda. Í fyrsta lagi hafi fyrri ákvörðun falið í sér að áfrýjandi skyldi fá skjalið óbreytt. Í öðru lagi geti áfrýjandi hvorki varist þeim ásökunum sem koma fram í kvörtun Logalands ehf. frá 30. nóvember 2012 á fullnægjandi hátt, fái hann ekki aðgang að umræddu fylgiskjali, né heldur geti áfrýjandi sinnt umbótahlutverki sínu að fullu án þess að fá þær upplýsingar sem komi fram í skjalinu.

Áfrýjandi bendir á að hann hafi frá upphafi hafnað kvörtun Logalands ehf. um að hafa brotið samkeppnislög. Jafnframt hafi áfrýjandi frá upphafi verið fús til samstarfs við Samkeppniseftirlitið í því skyni að bæta fyrirkomulag innkaupa hjá spítalanum þannig að það styðji betur við samkeppni. Hluti af lyktum málsins felist í því að áfrýjandi rannsaki hvernig

hlutirnir hafi gengið fyrir sig í innkaupafyrirkomulagi spítalans, hvernig samskipti hafi verið við birgja og aðra og bæta úr þar sem ástæða þyki til.

Þá bendir áfrýjandi á nauðsyn þess að spítalinn geri sér grein fyrir því hvort og þá með hvaða hætti starfsmenn hans hafi farið út fyrir heimildir sínar eða æskilegan ramma í samskiptum sínum vegna innkaupa. Hafi starfsmenn áfrýjanda hegðað sér með ámælisverðum hætti sé áfrýjandi ábyrgur fyrir þeirri háttsemi ef rétt reynist. Ómögulegt sé fyrir áfrýjanda að bæta úr þeim þætti málsins nema aðgangur fáiast að umræddu skjali sem upplýsir um alla málavexti.

Áfrýjandi byggir á því að það sé klárlega til tjóns fyrir hann að Samkeppniseftirlitið hafi afturkallað fyrri ákvörðun sem hafi verið birt aðilum og taki nýja ákvörðun sem feli í sér að afhenda skuli áfrýjanda umrætt skjal með umfangsmiklum útstrikunum, m.a. um eigin starfsmenn. Áfrýjandi geti hvorki gætt andmælaréttar síns á grundvelli hins afhenta skjals né heldur sinnt að fullu þeim umbótum sem unnið sé að.

Áfrýjandi bendir á að gögn málsins beri ekki á nokkurn hátt með sér að ákvörðunin frá 13. ágúst 2014 sé ógildanleg að stjórnarsýslurétti. Það komi skýrt fram í hinni kærðu ákvörðun, að ástæðan fyrir því að eldri ákvörðun var afturkölluð og ný tekin sé einfaldlega sú að Logaland ehf. hafi kosið að koma að frekari rökum og sjónarmiðum í málinu. Það hafi fyrirtækið gert í september 2014 eftir að hafa látið hjá líða að færa fram öll rök sín áður en ákvörðunin frá 13. ágúst 2014 var tekin og eftir að hafa látið undir höfuð leggjast að kæra hana til áfrýjunarnefndar. Það sé ekkert sem gefi til kynna að Logaland ehf. hafi ekki mátt koma þessum sjónarmiðum sínum að áður en fyrri ákvörðun var tekin. Þá sé ekkert sem styðji það að þessi viðbótarrök valdi því á einhvern hátt að hin fyrri ákvörðun hafi verið tekin á grundvelli ófullnægjandi eða rangra upplýsinga um málsatvik. Áfrýjandi bendir á að aðstæður hafi að engu leyti breyst. Hér sé einfaldlega um það að ræða að Logaland ehf. hafi ekki haldið á sínum hagsmunum sem skildi fyrir samkeppnisyfirvöldum.

Komist áfrýjunarnefnd að þeirri niðurstöðu að Samkeppniseftirlitinu hafi verið heimilt að afturkalla fyrri ákvörðun byggir áfrýjandi á því að þau rök sem hin kærða ákvörðun byggir á réttlæti engan veginn að trúnaður skuli gilda um hluta skjalsins. Byggir áfrýjandi á því að skjalið innihaldi ekki trúnaðarupplýsingar í skilningi stjórnarsýslulaga.

Áfrýjandi bendir á að hin kærða ákvörðun byggir á þeim viðbótarrökum Logalands ehf. að afhending skjalsins hafi verulega slæm áhrif á viðskiptasamband fyrirtækisins við hlutaðeigandi birgi.

Áfrýjandi bendir á að röksemdafærsla Samkeppniseftirlitsins í hinni kærðu ákvörðun verði ekki skilin öðruvísi en svo að eftirlitið telji líklegt að áfrýjandi muni hafa samband við umræddan birgi í því skyni að skaða viðskiptasamband birgisins og kvartanda. Með þessu

gangi Samkeppniseftirlitið út frá því að áfrýjandi brjóti eigin samskiptareglur og fari gegn þeim skuldbindingum sem spítalinn hefur lýst yfir við Samkeppniseftirlitið í sáttaviðræðum við stofnunina.

Áfrýjandi geti engan veginn séð að réttmætt sé að byggja undanþágu frá meginreglunni um upplýsingarétt aðila máls á þeim rökum að líklegt sé að starfsmenn þess aðila sem upplýsingaréttinn á fari gegn eigin reglum og skuldbindingum og jafnvel gegn lögum.

Þá bendir áfrýjandi á að ekki verði litið framhjá því að eftirfylgni spítalans með fyrirkomulagi sem efla eigi samkeppni velti að hluta til á því að spítalinn viti hvaða verklag einstakir starfsmenn hans hafi viðhaft á þessu sviði og sé upplýstur um hvar bæta megi verklag. Því sé enn mikilvægara að áfrýjandi fái upplýsingar um auðkenni eigin starfsmanns sem í hlut átti. Þess sé því til vara krafist að skjalið verði afhent þannig að eingöngu auðkenni birgisins verði afmáð en ekki nafn viðkomandi starfsmanns áfrýjanda.

2. Málástæður og lagarök Samkeppniseftirlitsins

Samkeppniseftirlitið byggir aðallega á því að hin kærða ákvörðun sé grundvölluð á málefnalegum og réttum forsendum og því beri að staðfesta hana.

Samkeppniseftirlitið bendir á að þann 13. ágúst 2014 hafi það komist að þeirri niðurstöðu að afhenda bæri áfrýjanda hið umrædda skal, fylgiskjal nr. 5. Í þeirri ákvörðun hafi verið tekin afstaða til tveggja málsástæðna Logalands ehf. Annars vegar hafi verið byggt á því af hálfu félagsins að ekki bæri að afhenda skjalið vegna rannsóknarhagsmuna og hins vegar vegna persónuverndar þeirra sem tilgreindir séu í því. Var það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að umræddir rannsóknarhagsmunir væru ekki lengur fyrir hendi þar sem rannsókn málsins og öflun gagna væri vel á veg komin. Varðandi persónuverndarsjónarmið tók Samkeppniseftirlitið fram að vernd persónu og mögulegs atvinnuöryggis starfsmanna áfrýjanda væri ekki á forræði kvartanda. Voru hagsmunir áfrýjanda af afhendingu skjalsins því taldir vega þyngra en hagsmunir Logalands ehf. af því að það væri bundið trúnaði.

Með bréfi 22. ágúst 2014 tilkynnti Logaland ehf. Samkeppniseftirlitinu að fyrirtækið hygðist ekki kæra ákvörðun eftirlitsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála en gerði jafnframt athugasemdir við afhendingu skjalsins og krafðist þess aftur að það yrði dregið út úr málinu. Í framhaldi af frekari samskiptum við aðila málsins hafi Samkeppniseftirlitið síðan ákveðið að endurskoða afstöðu sína til afhendingar skjalsins. Við meðferð þess máls hafi Logaland ehf. byggt á því að afhending þess geti haft verulega slæm áhrif á viðskiptasamband sitt við þann birgi sem þar á í hlut. Samkeppniseftirlitið bendir á að um sé að ræða nýjar upplýsingar og málsástæðu sem Samkeppniseftirlitið taldi sér skylt að taka tillit til vegna áhrifa hennar á efnislegt mat um hvort afhenda beri skjalið eða ekki.

Samkeppniseftirlitið bendir á að í vissum tilvikum sé stjórnvöldum heimilt að taka upp ákvarðanir sem hafa verið birtar aðilum máls. Í 25. gr. stjórnsýslulaga sé fjallað um afturköllun ákvörðunar. Eftir að ákvörðun hafi verið birt geti stjórnvald tekið mál til ákvörðunar á ný ef það er ekki til tjóns fyrir aðila máls (1. tl.) eða ákvörðun er ógildanleg (2. tl.). Samkeppniseftirlitið telur að afturköllunarheimildir séu ekki tæmandi taldar í 25. gr. stjórnsýslulaga. Séu þannig einnig fyrir hendi ólögfestar heimildir til afturköllunar ákvarðana sem stjórnvöld hafa tekið.

Meginreglan sé sú að ívilnandi ákvarðanir stjórnvalda verði ekki afturkallaðar en undantekningar á því geti verið að finna í lögum eða óskráðum reglum. Bendir Samkeppniseftirlitið á að ekki hafi oft verið vikið að þessari óskráðu heimild í úrlausnum dómstóla og yfirvalda og álitum umboðsmanns Alþingis. Við mat á því hvort heimilt sé að beita þessari óskráðu reglu takist á annars vegar réttmætar væntingar og hagsmunir aðila máls og hins vegar hagsmunir annarra.

Samkeppniseftirlitið bendir á að við mat á andstæðum hagsmunum skipti máli að hafa í heiðri meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins. Það kunnir því að mæla gegn afturköllun ef ekki er talið nauðsynlegt að afturkalla ívilnandi ákvörðun í heild sinni til að vernda hagsmuni annarra. Í hinni kærðu ákvörðun hafi, m.a. af þessum sökum, verið komist að þeirri niðurstöðu að afhenda bæri skjalið með útstrikunum.

Einnig bendir Samkeppniseftirlitið á að ef þær aðstæður sem kalla á afturköllun ákvörðunar voru eða máttu vera stjórnvaldi kunnar þegar upphafleg ákvörðun var tekin séu heimildir til afturköllunar ákvörðunar þröngar (upprunalegar afturköllunarástæður). Sé þessu öfugt farið séu heimildir til afturköllunar víðtækari (eftirfarandi afturköllunarástæður). Í því tilviki sem hér sé deilt um sé um að ræða málsástæðu/upplýsingar sem ekki hafði verið teft fram við meðferð málsins í aðdraganda þess að fyrri ákvörðun var tekin. Þá telur Samkeppniseftirlitið að eðli ákvörðunar geti skipt máli við mat á heimild til afturköllunar. Í þessu tilviki sé um að ræða beiðni um afhendingu skjals sem óskað hafi verið eftir að yrði háð trúnaði. Þegar skjalið hafi verið afhent verði réttaráhrifum ákvörðunarinnar ekki breytt. Leiði það af eðli slíkra gagnamála.

Þá bendir Samkeppniseftirlitið á að sérstakar aðstæður séu fyrir hendi þegar aðilar máls eru fleiri en einn. Í því tilviki sem hér sé til skoðunar sé upphafleg ákvörðun ívilnandi fyrir áfrýjanda en íþyngjandi fyrir Logaland ehf. Í slíkum tilvikum beri við mat á afturköllun að líta til öndverðra hagsmuna málsaðila og meta þá með heildstæðum hætti.

Samkeppniseftirlitið bendir á að í fyrri ákvörðun þess hafi eðli málsins samkvæmt ekki verið tekin afstaða til nýrrar málsástæðu Logalands ehf. Í hinni kærðu ákvörðun komi fram að vegna þessara nýju upplýsinga (málsástæðu) hafi efnislegt mat Samkeppniseftirlitsins á afhendingu

skjalsins breyst. Byggir Samkeppniseftirlitið á því að heimilt hafi verið að afturkalla fyrri ákvörðun í ljósi þessara nýju upplýsinga hvort sem litið sé til hinnar óskráðu heimildar til afturköllunar eða 2. tl. 25. gr. stjórnslulaga.

Í 15. gr. stjórnslulaga sé kveðið á um rétt aðila stjórnslumáls til aðgangs að gögnum máls. Í 17. gr. laganna sé tekið fram að þegar sérstaklega standi á sé stjórnvaldi heimilt að takmarka aðgang aðila máls að gögnum ef hagsmunir hans af því að notfæra sér vitneskju úr þeim þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum.

Samkeppniseftirlitið komst að umræddri niðurstöðu í hinni kærðu ákvörðun á grundvelli þess að raunveruleg hættu sé „á því að viðskiptasamband Logalands við umræddan birgi kunni að skaðast verði nafn hans auðkennt við afhendingu á umræddu skjali.“ Hvað varðar varakröfu áfrýjanda telur Samkeppniseftirlitið að þær upplýsingar sem koma fram í skjalinu geri það auðvelt fyrir áfrýjanda að komast að því um hvaða birgi sé að ræða. Að mati Samkeppniseftirlitsins verði auðkenni viðkomandi birgis Logalands ehf. ekki verndað með öðrum vægari hætti.

V

Niðurstaða

Í málinu er til úrlausnar ágreiningur um rétt áfrýjanda til upplýsinga úr skjali sem fylgdi erindi Logalands ehf. til Samkeppniseftirlitsins 30. nóvember 2012.

Samkvæmt 15. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 á aðili máls rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er mál hans varða. Er hér um ríkan rétt að ræða enda er það almennt séð þannig að óheftur aðgangur málsaðila að skjölum stjórnslumáls er nauðsynlegur til að tryggja það að réttur hans til að koma á framfæri viðhorfum sínum og leiðréttu framlögð gögn og upplýsingar í málinu komi að fullu gagni.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins til áfrýjanda 15. mars 2013 var óskað eftir sjónarmiðum hans til erindis Logalands ehf. sem félagið beindi til stofnunarinnar með bréfi 30. nóvember 2012, en með því var sett fram beiðni um að tekin yrði til rannsóknar nánar tilgreind samkeppnishamlandi háttsemi áfrýjanda við innkaup á heilbrigðisvörum. Við afhendingu á gögnum til áfrýjanda ákvað Samkeppniseftirlitið, að beiðni Logalands ehf., að undanskilja skjal sem fylgdi framangreindu bréfi félagsins og er þar auðkennt sem fylgiskjal nr. 5, en vikið er að efnislegu inntaki þess í neðanmálsgrein í bréfinu og með þeim hætti sem áður er rakið. Í ljósi þeirrar rannsóknar sem Samkeppniseftirlitið hafði þá hafið fólst í þessu takmörkun á upplýsingarétti áfrýjanda. Frá henni féll Samkeppniseftirlitið með ákvörðun sinni 13. ágúst 2014, en samkvæmt henni skyldi fylgiskjalið afhent áfrýjanda til umsagnar. Hafði þeirri

Ákvörðun ekki verið framfylgt þegar hin kærða ákvörðun var tekin 23. september 2015. Er engin ástæða til að ætla annað en að með henni hafi réttur áfrýjanda samkvæmt 15. gr. stjórnsýslulaga að nýju sætt takmörkun, svo sem hann hefur haldið fram.

Frá framangreindri meginreglu um upplýsingarétt aðila eru lögfestar undantekningar í 16. og 17. gr. stjórnsýslulaga. Sú takmörkun á upplýsingarétti áfrýjanda sem fólst í hinni kærðu ákvörðun er grundvölluð á 17. gr. laganna. Samkvæmt ákvæðinu er stjórnvaldi heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að takmarka aðgang aðila máls að gögnum ef hagsmunir hans af því að notfæra sér vitneskju úr þeim þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 37/1993 er lögð á það rík áhersla að líta beri á þetta heimildarákvæði sem þrönga undantekningarreglu, sbr. orðalagið „þegar sérstaklega stendur á“, enda sé meginreglan sú að málsaðili eigi rétt á því að kynna sér málgögn. Þá er þess einnig að gæta að samkvæmt ákvæðinu þurfa hagsmunir sem horfa til takmörkunar að vera „mun ríkari“ en hagsmunir aðila af því að fá að notfæra sér vitneskju úr gögnum málsins, en með þessu er vísað til þess að þau sjónarmið, sem staðið geta í vegi fyrir aðgangi aðila að málgögnum, verði að hafa töluvert vægi. Hefur verið litið svo á í ljósi þessa að aðgangur málsaðila að gögnum verði að jafnaði því aðeins takmarkaður ef sýnileg hættu er talin á því að almanna- eða einkahagsmunir bíði umtalsvert tjón ef aðila yrði veittur aðgangur að gögnum.

Svo sem fram er komið er krafa Logalands ehf. um að aðgangur áfrýjanda að umræddu skjali sæti takmörkun byggð á því að afhending þess án takmarkana geti haft verulega slæm áhrif á viðskiptasamband félagsins við þann birgi sem í hlut á. Fyrir þessu sjónarmiði hafa þó ekki verið færð frekari rök í gögnum málsins.

Almennt séð geta framangreindir hagsmunir réttlætt takmörkun á upplýsingarétti samkvæmt 17. gr. stjórnsýslulaga. Þetta getur þó einungis átt við ef raunveruleg ástæða er til að óttast að viðskiptasamband Logalands ehf. og þess birgis sem í hlut á kunni að skaðast verði upplýsingarnar látnar af hendi. Er einnig nauðsynlegt í ljósi ákvæðisins að meta þörf Logalands ehf. fyrir nafnleynd andspænis hagsmunum áfrýjanda af því að fá að kynna sér þær upplýsingar sem liggja til grundvallar athugun á ætluðu broti hans svo honum sé unnt að gæta hagsmuna sinna við meðferð málsins.

Við athugun á efni skjalsins og þeim gögnum sem fylgdu erindi Logalands ehf. til Samkeppniseftirlitsins og þegar hefur verið veittur aðgangur að og að virtum þeim sjónarmiðum sem horfa ber til við úrlausn málsins samkvæmt framansögðu þykja ekki vera efni til að líta svo á að heimildir hafi staðið til þess að takmarka aðgang áfrýjanda að þeim upplýsingum sem hin kærða ákvörðun tekur til. Er hún þegar af þessari ástæðu felld úr gildi og fallist á kröfu áfrýjanda um að honum verði veittur aðgangur að skjalinu án takmarkana.

Úrskurðarorð:

Hin kærða ákvörðun er felld úr gildi.

Áfrýjanda, Landspítala-háskólasjúkrahúsi, skal án takmarkana veittur aðgangur að fylgiskjali nr. 5 með bréfi Logalands ehf. 30. nóvember 2012 til Samkeppniseftirlitsins.

Reykjavík, 26. janúar 2016.

Þorgeir Ingi Njálsson, formaður

Brynhildur Benediktsdóttir

Kristín Benediktsdóttir